

REGLUR

131

31. des.

handa sóttvarnarnefndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 65 frá 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, eru hérmeð settar eftirfarandi reglur handa sóttvarnarnefndum:

1. gr.

Skipun sóttvarnarnefnda.

Sóttvarnarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og á hverjum löggiltum verzlunarstað hér á landi.

Í hverri sóttvarnarnefnd eiga sæti 3 menn:

1. Í *Reykjavík*: Tollstjóri, sem er formaður nefndarinnar, héraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki.

2. Í *öðrum kaupstöðum*: Bæjarfógeti, sem er formaður nefndarinnar, héraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórn kýs úr sínum flokki.

3. Á *verzlunarstöðum, þar sem sýslumaður situr*: Sýslumaður, sem er formaður nefndarinnar, héraðslæknir og einn maður, búsettur þar, er sýslunefnd kýs.

4. Á *öðrum verzlunarstöðum*: Umboðsmaður sýslumanns (lögreglustjóri, þar sem er sérstakur lögreglustjóri), sem er formaður nefndarinnar, héraðslæknir og einn maður, búsettur þar, er sýslunefnd kýs.

Hinir kjörn fulltrúar skulu kosnir af bæjarstjórnnum jafnframt því, sem kosið er í fastar nefndir innan bæjarstjórnanna og eftir sömu reglum, en af sýslunefndum á hverjum reglulegum sýslufundi.

Sóttgæzlumenn.

Formenn sóttvarnarnefnda eru sóttgæzlumenn hver á sínum stað.

2. gr.

Hlutverk sóttvarnarnefnda.

Það er hlutverk sóttvarnarnefnda, hverrar á sínum stað, að sjá um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins, og fer um störf þeirra samkvæmt lögum nr. 65, 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands og ákvæðum þessarar reglugerðar eftir nánari fyrirmælum ráðherra og leiðbeiningum landlæknis um allar meiri háttar ráðstafanir og í vafatilfellum.

Skýlt að aðstoða sóttvarnarnefndir.

Hafnsögumönnum, hreppstjórn, bæjar- og sveitarstjórnnum er skýlt að aðstoða sóttvarnarnefndir við skyldustörf þeirra.

31. des. **Aðkomuskip og hverjum skilyrðum er bundið, að þau megi hafa mök við land.**

Ekkert aðkomuskip, þ. e. skip, sem síðast hefir lagt út frá útlöndum eða á leið sinni tekið við mönnum eða farangri frá öðru skipi, er síðast hefir lagt út frá útlöndum, má, nema tilneytt sé, hafa mök við land eða landsbúa annarsstaðar en á höfnum, og því að eins á höfnum, að gætt sé fyrir mæla þessarar greinar.

1. Sóttgæzlumaður (eða í kaupstöðum fyrir hans hönd tollgæzlumaður eða lögregluþjónn) fer fyrstur út í skipið, og má enginn fara úr skipinu og ekki hann sjálfur, engan farangur setja á land né í önnur skip, og engin mök hafa við land eða menn úr landi fram yfir það, sem leiðir af ákvæðum 4. greinar, fyrr en skipinu hefir verið fengið heilbrigðisvottorð samkvæmt 4. gr.

2. Ef nauðsyn ber til, má þó hafnsögumaður fara út í skipið á undan sóttgæzlumanni, enda fari hann þá ekki úr skipinu fyrr en því hefir verið fengið heilbrigðisvottorð.

3. Að fengnu fullgildu heilbrigðisvottorði er skipið ekki lengur aðkomuskip og er frjálst að hafa mök við land hér á landi.

4. gr.

Heilbrigðisvottorð og eftir hverjum reglum þau eru veitt.

Heilbrigðisvottorð skal hljóða svo:

Sóttvarnarnefndin í gerir kunnugt:

—/s frá, skipstjóri, sem síðast lét úr erlendri höfn í —/— 19.., hefir í dag verið skoðað hér á höfninni samkvæmt ákvæðum laga nr. 65, 19. júní 1933 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands og eru því frjáls viðskipti við land.

..... kl. —/— 19..

.....

sóttgæzlumaður.

Heilbrigðisvottorð veitist aðkomuskipi eftir þessum reglum:

1. *Skipið hefir fullgilt sóttgæzluskirteini, þ. e. skirteini frá heilbrigðisyfirvaldi á síðasta brottfararstað skipsins erlendis, og er þess eigi getið í því og eigi heldur kunnugt eða grunað á annan hátt, að á brottfararstað skipsins eða í grennd við hann hafi gengið alvarlegur næmur sjúkdómur:* Sóttgæzlumaður skal þá þegar veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lýsir því yfir fyrir honum, skriflega ef sóttgæzlumaður krefst, að í skipinu séu eigi eða hafi verið á leiðinni menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á, að væru næmir, og að hann viti ekki til, að skipið geti verið sóttmengað á annan hátt.

2. *Skipið hefir ekkert eða ekki fullgilt sóttgæzluskirteini:* Sóttgæzlumaður veitir þá að jafnaði engu síður heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri undirritar og lætur honum í té svo látandi yfirlýsingu:

Yfirlýsing skipstjóra.

131

31. des.

Ég undirritaður skipstjóri á —/s frá, sem síðast lét úr höfn í —/— 19—, lýsi því hér með yfir upp á æru mína og samvizku, að mér er ekki kunnugt um, að á brottfararstaðnum hafi gengið neinn alvarlegur næmur sjúkdómur, að á skipinu séu eða hafi verið, hvorki á brottfararstaðnum né á leiðinni, menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á, að væru næmir, eða lík manna, sem dánir séu úr næmum sjúkdómum, né heldur veit ég til, að skipið geti verið sóttmengað á annan hátt.

..... —/— 19..

.....
skipstjóri.

3. Þess er getið í sóttgæzluskirteini skipsins, eða kunnugt eða grunað á annan hátt, að alvarlegur næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, eða sjúkir menn eru eða hafa verið á skipinu á leiðinni, eða lík, og grunur er á, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða, eða grunur er um sóttmengun skipsins á annan hátt, eða framburður eða yfirlýsing skipstjóra er á einhvern hátt tortryggileg: Þá skal sóttgæzlumaður kalla héraðslækni til, og má eigi veita skipinu heilbrigðisvottorð fyrr en héraðslæknir hefir rannsakað skipið og úrskurðað, að heilbrigðisvottorð megi gefa. Rítar læknirinn úrskurð sinn á heilbrigðisvottorðið, svo hljóðandi:

Úrskurður héraðslæknis.

Að undangenginni læknisrannsókn og að gættum fyrirmælum laga nr. 65, 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, úrskurða ég, að —/s frá, skipstjóri, sem lét síðast úr höfn erlendis í —/— 19.., og statt er á höfn í megi veita heilbrigðisvottorð.

..... —/— 19..

.....
héraðslæknir.

5. gr.

Skylt er að hraða sóttvarnarskoðun skipa og öllum sóttvarnarráðstöfunum.

Sóttvarnarskoðun skipa og öllum sóttvarnarráðstöfunum þeirra vegna skal jafnan hraða svo sem auðið er, og haga þeim þannig, að þær verði skipinu til sem minnstrar tafar og trafala. Sé héraðslæknir eigi viðstaddur á hafnarstaðnum eða forfallaður, er sóttvarnarnefnd heimilt að fela öðrum lækni rannsóknina, þó ekki án þess að bera sig saman við landlækni, ef við verður komið. Sé enginn læknir viðstaddur, skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr.

Ef næm sótt er í aðkomuskipi. Erlendar sóttir. Aðrar næmar sóttir.

Ef í ljós kemur, að í aðkomuskipi er næmur sjúkdómur, segir héraðslæknir fyrir um allar nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því, að sjúkdómurinn berist í land og breiðist út, eftir að hafa að jafnaði borið sig saman við landlækni. Ef um erlenda sótt er að ræða, þ. e. pest, austurlenzka kóleru, bólusótt, dílasótt, blóðkreppusótt, gula hitasótt eða aðra næma sótt, sem með ráðherrauglýsingu eða konungsúrskurði hefir verið tekin í tölu erlendra sótta, hagar héraðslæknir fyrir mælum sínum í samræmi við ákvæði IV. kafla í lögum nr. 65, 19. júní 1933, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, eftir nánari fyrir mælum ráðherra og leiðbeiningum landlæknis (sbr. 8. gr.), en ef um aðra næma sótt er að ræða samkvæmt ákvæðum laga nr. 66, 19. júní 1933 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Sóttvarnarnefnd aðstoðar héraðslækni í hvívetna um framkvæmd þessara ráðstafana, og úrskurðar héraðslæknir ekki, að skipinu megi gefa heilbrigðisvottorð, fyr en öllum fyrir mælum hefir verið fullnægt.

Einangrun sjúklinga og sóttkvíun aðkomuskipis.

Ef einangra þarf sjúklinga af skipinu, en formerki eru á að gera það á staðnum, er heimilt að vísa skipinu til næstu hafnar, þar sem einangrun er framkvæmanleg, en þó því aðeins, að sjúklingum sé ekki hættu búin af þeim flutningi. Ef skipið er sóttkvíað, er skipstjóra heimilt að velja sér höfn til að liggja á, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við nauðsynlega læknisrannsókn og lækniseftirlit.

Ráðherrauglýsing um erlenda sótt. Aðkomuskip með gulan fána.

Sóttvarnarnefnd skal hafa sérstakan andvara á sér, er ráðherra hefir gefið út auglýsingu um, að erlend sótt hafi gert vart við sig í útlöndum á þeim stað og þannig, að ástæða sé til að ætla, að sóttin geti borizt þaðan til Íslands. Skal hún veita sérstaka athygli og vera við því búin að ráðstafa skipum, er koma að landi og hafa uppi gula veifu á framsiglihúni, sem öllum skipum er skylt að hafa, ef þau hafa haft bein eða óbein mök við auglýstan sýktan stað, eða ef þau á annan hátt vita til eða hafa grun um, að þau séu menguð erlendri sótt.

Aðkomuskip, sem vitanlega er mengað erlendri sótt, skal leita hafnar í Reykjavík.

Aðkomuskip, sem er alvarlega mengað erlendri sótt, svo sem ef annaðhvort eru á því sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða, fær að jafnaði ekki fulla fyrirgreiðslu annarsstaðar en í Reykjavík, og ber öllum aðkomuskipum, sem vitað er um, að svo er ástatt fyrir, að leita þar hafnar.

Ef í ljós kemur, að aðkomuskip, sem leitað hefir hafnar annarsstaðar en í Reykjavík, er mengað erlendri sótt.

131

31. des.

Komi í ljós, að aðkomuskip, sem leitað hefir hafnar annarsstaðar, sé alvarlega mengað erlendri sótt, skal sóttvarnarnefnd, eftir að hafa borið sig saman við landlækni, ef við verður komið, tafarlaust láta vísa því til Reykjavíkur og láta lækni fara á því, ef þörf gerist, nema ráðherra mæli á annan veg fyrir, og er þá skipinu ráðstafað samkvæmt fyrirmælum hans og nánari leiðbeiningum landlæknis.

Ef aðkomuskip, sem vitanlega er mengað erlendri sótt, neyðist til að leita hafnar annarsstaðar en í Reykjavík. Bráðabirgðahjálp veitt slíkum skipum.

Þegar skip, sem vitanlega er alvarlega mengað erlendri sótt og þá skylt að leita hafnar í Reykjavík, neyðist til að leita hafnar annarsstaðar, skal sóttvarnarnefnd fara með skipið samkvæmt ákvæðum 1. og 2. málsgreinar þessarar greinar. Sé brýn nauðsyn til að veita slíku skipi hjálp tafarlaust áður en læknir er kominn, skal sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu eða úr landi út í skipið.

Sérstök ákvæði um fólksflutningaskip.

Þegar skip á í hlut, sem ætlað er til fólksflutninga, má fara eftir ákvæðum þessarar greinar (sbr. 16. gr. laga nr. 65, 19. júní 1933 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands), svo sem þó að ekki sé um erlenda sótt að ræða, heldur einhverja aðra alvarlega, næma sótt.

9. gr.

Ef aðkomuskip stranda o. s. frv.

Ef aðkomuskip strandar eða neyðist á annan hátt til að hafa mök við land án þess að geta gætt fyrirskipaðra sóttvarnarákvæða, leitast næsta sóttvarnarnefnd við að sjá um, að vikið sé svo lítið frá þeim, sem framast verður við komið, enda séu þá við hafðar nauðsynlegar ráðstafanir til varnar sóttnæmisútbreiðslu, ef ætla má, að næm sótt berist þannig á land.

Vogrek og bannaður farangur.

Sama gildir um vogrek, ef ætla má, að það sé frá stað, þar sem erlend sótt gengur, svo og ef rekur á land bannaðan farangur, þ. e. farangur, sem ráðherra hefir með auglýsingu bannað að flytja inn vegna sötthættu. Skal allt slíkt látið kyrrt liggja, eftir að því hefir verið bjargað undan sjó með ýtrustu varkárni, þangað til lögreglustjóri hefir látið fram fara rannsókn og ákveðið, hvernig með það skuli fara.

Sóttthætta af sóttvarnarlagabrotum.

Ef sóttvarnarnefnd fær grun um, að aðkomuskip hafi haft ólögleg mök við land eða menn úr landi ólögleg mök við aðkomuskip, eða, að brotið hafi verið á annan hátt gegn fyrirskipuðum sóttvarnarreglum, skal hún gera ráðstafanir til þess, að málið verði rannsakað og þeir látnir sæta ábyrgð, sem brotlegir reynast, jafnframt því, sem hún gerir allt, sem unnt er, til þess að hefta sóttnæmisútbreiðslu, sem slíkt brot kynni að leiða til.

Óþrifnaður í skipum. Rottur og önnur óþrifadýr.

Skip, sem virðist vera óheilnæmt vegna óþrifnaðar eða af öðrum ástæðum, má sóttvarnarnefnd láta þrifa og sótthreinsa eins og það væri sóttmengað. Ef mikill rottugangur er í skipi eða önnur óþrifadýr, má og gera sérstakar ráðstafanir til varnar því, að þau berist í land eða til að eyða þeim í skipinu. Aldrei má þó vísa skipi, sem hreinsa þarf aðeins vegna óþrifa eða óþrifadýra, lengra en til næstu hafnar, þar sem slík hreinsun er framkvæmanleg.

Aðstoð af hálfu skips við sóttthreinsanir og þrif.

Það er skylt, ef sóttvarnarnefnd æskir þess, að af hálfu þess skips, sem hún lætur þrifa eða sóttthreinsa eða eyða í rottum eða öðrum óþrifadýrum, sé látinn í té allur sá vinnukraftur og aðstoð, sem skipinu er auðið.

Sóttgæzluskirteini.

Hvert það skip, sem afgreitt er hér á landi, á heimtingu á að fá hjá sóttgæzlumanni skirteini um það, hvort nokkur erlend sótt eða annar alvarlegur næmur sjúkdómur gangi á brottfararstaðnum eða í grenndinni.

Sóttgæzluskirteini, þegar um engan alvarlegan næman sjúkdóm er að ræða.

Þegar um engan alvarlegan næman sjúkdóm er að ræða á brottfararstaðnum, skal sóttgæzluskirteini hljóða svo:

Sóttvarnarnefndin í gerir kunnugt:

—/s frá, skipstjóri, sem kom hingað frá og ætlar héðan til, er ferðbúið í dag.

Hér á staðnum og í grenndinni gengur hvorki pest, austurlenzk kólera, bólu-sótt, dílasótt, blóðkreppusótt, gul hitasótt, né nokkur önnur hættuleg farsótt.

..... —/— 19..

.....

sóttgæzlumaður.

Sóttgæzluskírteini þegar alvarlegur næmur sjúkdómur gengur.**131**

Nú gengur alvarlegur næmur sjúkdómur á brottfararstaðnum, og skal þá 31. des.
sóttgæzluskírteini hljóða svo:

Hér hefir gengið síðan —/.. 19... Á síðustu 10
dögum hafa sýkt og á sama tíma hafa dáið úr þessum sjúkdómi.
Hér á staðnum eða í genndinni gengur engin önnur hættuleg farsótt.
..... —/— 19..

.....
sóttgæzlumaður.

**Sóttgæzlumaður ráðgast við héraðslækni um sóttgæzluskírteini,
þegar þess er þörf.**

Sóttgæzlumaður ráðgast við héraðslækni, áður en hann gefur út sóttgæzlu-
skírteini, ef þess getur talizt þörf.

13. gr.

Vottorð um afstaðna sóttkvíun.

Hver sá, sem sóttkviaður hefir verið, á heimting á eftir afstaðna sóttkvíun,
að fá vottorð um það. Skipstjóri á heimting á samskonar vottorði fyrir skip sitt,
þegar sóttkvíun þess er löglega afstaðin. Vottorð þessi gefur sóttgæzlumaður í
samráði við héraðslækni.

14. gr.

Sóttvarnareftirlit með loftförum.

Sóttvarnarnefndir annast sóttvarnareftirlit með aðkomuflugvélum og hvers-
konar loftförum, sbr. 26. gr. laga nr. 65, 19. júní 1933, um varnir gegn því, að
næmir sjúkdómar berist til Íslands, og beita við það eftirlit öllum ákvæðum
laganna og þessarar reglugerðar á sama hátt sem um aðkomuskip væri að ræða,
eftir því sem við getur átt. Til skipstjóra svarar loftfarsstjóri.

15. gr.

Sóttvarnargjöld aðkomuskipa.

Aðkomuskip greiða sóttvarnargjöld sem hér segir:

1. *Fyrir venjulegt sóttvarnareftirlit, sem sóttgæzlumaður einn annast:*
Skip allt að 60 smálesta 4 krónur, 60—100 smálesta 6 krónur, yfir 100 smá-
lesta 10 krónur, svo og kostnað við flutning sóttgæzlumanns út í skipið.

2. *Ef læknisskoðun fer fram:* Auk þeirra gjalda, sem getur í 1. tölulið,
jafnhá gjöld eftir stærð skipanna fyrir læknisskoðunina, svo og kostnað við
ferð læknisins eða ferðir út í skipið samkvæmt gjaldskrá héraðslækna.

3. *Ef sóttkvía þarf lækni vegna skoðunargerðarinnar:* Auk þeirra gjalda,
sem getur í töluliðum 1—2, flutningskostnað hans og dagpeninga, 20 krónur á
sólarhring, unz sóttkvíuninni er lokið.

4. *Ef fiskiskip önnur en hérland eiga í hlut, eða önnur erlend skip, ef þau*

131 *hafa ekki ætlað sér á íslenska höfn og álitið verður, að þau hafi einungis komið þar vegna veikinda eða til að ganga undir sóttkvíun: Auk þeirra gjalda, sem getur í töluliðum 1—3, allan annan kostnað, sem leiðir af þeim sóttvarnarráðstöfunum, er þau gefa tilefni til, þar á meðal legukostnað sjúklinga á sóttvarnarhúsi eða annarsstaðar, kostnað við einangrun heilbrigðra og útfararkostnað.*

5. *Ef sóttkvía þarf sjúklinga með aðrar farsóttir en erlendar og erlend skip eiga í hlut: Allan kostnað, sem af því leiðir.*

6. *Ef sóttkvía þarf sjúklinga með aðrar farsóttir en erlendar og innlend skip eiga í hlut, fer um greiðslu kostnaðar í samræmi við lög nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.*

Sóttvarnargjöld aðkomuloftfara.

Aðkomuloftför greiða sóttvarnargjöld eftir sömu reglum og aðkomuskip, þannig, að gjöld af 1—2 hreyfla flugvélum skulu vera sem af skipum undir 60 smálestum, af 3 hreyfla flugvélum og þar yfir sem af skipum frá 60 og upp að 100 smálestum, og af loftskipum sem af skipum yfir 100 smálestir.

Innheimta sóttvarnargjalda og hvert þau renna.

Sóttgæzlumaður innheimtir sóttvarnargjöld samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og stendur skil á:

1. Gjöld samkvæmt 1. tölulið renna í sóttvarnarsjóð ríkisins, önnur en flutningskostnaður, sem greiða skal þeim, er flutninginn annast.

2. Gjöld samkvæmt töluliðum 2—3 renna til hlutaðeigandi héraðslæknis eða þess annars læknis, er læknisskoðunina annast.

3. Gjöld samkvæmt töluliðum 4—6 renna til hlutaðeigandi.

Ókeypis sóttgæzluskírteini og vottorð.

Sóttgæzluskírteini og vottorð þau, sem um getur í 14. gr., veitast ókeypis.

16. gr.

Kostnaður við störf sóttvarnarnefnda og sóttgæzlumanna.

Sóttvarnarnefndir vinna kauplaust. Nauðsynlegur kostnaður vegna löglegra sóttvarnarráðstafana þeirra greiðist úr sóttvarnarsjóði eða ríkissjóði, að svo miklu leyti sem hann er ekki greiddur af hlutaðeigandi aðkomuskipum eða öðrum samkvæmt ákvæðum 15. gr.

Hin sérstöku störf sóttgæzlumanna teljast til embættisstarfa þeirra.

Greiðslur til héraðslækna.

Um borgun til héraðslækna fyrir læknisskoðun aðkomuskipa og önnur störf þeirra í því sambandi fer eftir ákvæðum 15. greinar, 2.—3. tölulið.

17. gr.

131

31. des.

Eyðublöð.

Eyðublöð undir yfirlýsingar skipstjóra, heilbrigðisvottorð og sóttgæzluskirteini lætur dómsmálaráðuneytið sóttvarnarnefndum í té.

18. gr.

Brot gegn þessum reglum og viðurlög við þeim.

Um brot gegn reglum þessum og viðurlög við þeim fer samkvæmt ákvæðum 27. greinar laga nr. 65, 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 31. desember 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

ALMENNAR REGLUR

132

31. des.

um opinberar sóttvarnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 66 frá 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, eru hér með settar eftirfarandi reglur um opinberar sóttvarnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

I. KAFLI**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Opinberar sóttvarnir. Skilgreining.

Opinberar sóttvarnir teljast þær sérstöku sóttvarnarráðstafanir, sem samkvæmt 3. grein laga nr. 66, 19. júní 1933, ætíð er skylt að fyrirskipa og beita gegn sjúkdómum þeim, sem nefndir eru í 11. grein þessarar reglugerðar, ennfremur þær sérstöku sóttvarnarráðstafanir, sem ráðherra kann að fyrirskipa samkvæmt 3., 4. og 5. grein sömu laga, að beita skuli gegn þeim sjúkdómum, sem nefndir eru í 18. grein þessarar reglugerðar, og loks þær sérstöku sóttvarnarráðstafanir, sem héraðslæknir kann að beita til bráðabirgða samkvæmt 4. og 5. gr. sömu laga, sbr. 15. og 21. grein þessarar reglugerðar.

Um framkvæmd hinna opinberu sóttvarnarráðstafana fer eftir reglum þessum.